

103. fundur

Skólanefnd Tónlistarskóla hélt fund miðvikudaginn 16. febrúar 2005 kl. 17.30 í kaffistofu skólans. Mætt voru Hafsteinn Sigurðsson, skólastjóri, Margrét Ásgeirsdóttir, Elísabet L. Björgvinsdóttir og Sævar Harðarson.

Dagskrá: 1. Skýrsla skólastjóra.
 2. Önnur mál.

1. Skýrsla skólastjóra.

Hafsteinn kynnti upplýsingabækling sem hafði verið endurskoðaður og hefur verið afhentur nemendum.

Um áramót fækkaði nöfnum á nemendalistum og juku sumir nemendur nám sitt í heilt nám. Einnig fækkaði á biðlista en nú eru 20 nemendur á biðlista.

Starfsmenn skólans munu fara á námskeið á notkun í Zibilius nótnaskriftarforriti nú á vormánuðum.

Miðsvetrar tónfundir verða í byrjun mars. Einnig mun vera opin vika þar sem aðstandendur geta farið og hlustað á nemendur sér tengdum, verður 14.-18. mars sem er síðasta vika fyrir páskafrí.

Stigspróf verða í endaðan apríl og byrjun maí.

Barnastarf Akraneskirkju er að skila bjöllumkór aftur til skólans en þau hafa verið með hann í nokkurn tíma.

2. Önnur mál.

Rætt var um að auglýsa stöðu skólastjóra lausa til umsóknar, þar sem góðrar faglegrar þekkingar er krafist.

Gjaldskrármál skólans voru rædd og ákvörðun frestað.

Fundi slitið kl. 19.10.

Sævar Harðarson (sign.),

Elísabet L. Björgvinsdóttir (sign.),

Hafsteinn Sigurðsson (sign.),

Margrét vék af fundi kl. 18.10.